

Nd.

297. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Flm.: Pétur Ottesen, Hermann Guðmundsson, Finnur Jónsson,
Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist:

Árin 1948—1952 er þó sérleyfishafa heimilt að nota þrjú erlend skip til veiðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í janúarmánuði 1947 var stofnað hér á landi hvalveiðafélag, er ber heitið h/f Hvalur. Tilgangur þessa félags er að reka hvalveiðar hér við land. Félagið fékk leyfi nýbyggingarráðs til starfa, og framkvæmdum félagsins er svo langt komið, að veiðar geta hafizt þegar á komandi vori. Hvalvinnslustöð félagsins í Hvalfirði er fullbyggð, og flestum vélum hefur verið komið fyrir. Félagið hefur fengið erlenda sérfræðinga til að sjá um byggingu hvalvinnslustöðvarinnar, og vinnslustöð félagsins er talin hin fullkonnasta, hvað nýtingu allra hvalafurða snertir, auk þess sem allt fyrirkomulag verksmiðjunnar er við það miðað, að vinnuafli sé sparað sem mest. Þetta er í fyrsta skipti, sem Íslendingar stofna til hvalveiða með þeim hætti, að notuð sé til hlítar sú reynsla og þekking, sem aðrar þjóðir hafa aflað sér á mörgum áratugum.

Hvalur h/f hefur á margan hátt notið stuðnings fyrrv. og núverandi ríkisstjórnar og annarra opinberra aðila. Þannig hefur félagið fengið 10 ára sérleyfi til hvalveiða. Fyrir milligöngu ríkisstjórnarinnar festi félagið kaup á ýmsum eignum setuliðsins í Hvalfirði, sem gerði því fært að byggja stöðina á svo skömmum tíma sem raun ber vitni um. Ríkisstjórnin gekkst fyrir því, að Ísland gerðist aðili að alþjóðasamtökum hvalveiðþjóða, en það var skilyrði til þess, að útflutningsleyfi fengist fyrir hvalvinnslutækjum. Þá hefur félagið og fengið innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir öllum hvalvinnsluvélum.

Eins og kunnugt er, eru engin hvalveiðiskip til hér á landi, og enn höfum við ekki á að skipa sjómönnum, sem þekkingu hafa á hvalveiðum. Þær þjóðir, sem stofnað hafa til hvalveiða hin síðustu ár, hafa allar fengið norska hvalveiðisjómenn fyrst í stað, en síðan hafa innlendir sjómenn lært af þeim. Þannig var það um Þjóðverja, er þeir hófu hvalveiðar, og sama er að segja um Rússa og Hollendinga, er tóku að stunda hvalveiðar eftir styrjaldarlok. Stjórn Hvals h/f hyggst að fara svipaða leið, að leigja erlend hvalveiðiskip, en ráða á þau nokkra íslenska sjómenn, er læri allar veiðiaðferðir, í því skyni, að áhafnir skipanna geti síðar orðið alíslenskar. Alþingi hefur áður veitt tveimur félögum heimild til að nota erlend hvalveiðiskip við veiðar hér á landi.

Það er mjög athyglisvert fyrir Íslendinga að láta ekki útlendinga eina sitja að hvalveiðum hér við land, og það því fremur sem hvalafurðir eru mjög eftirsóttar og í háu verði á erlendum markaði. Færeyingar hafa stundað hér hvalveiðar á undanfórnum árum af miklu kappi og flutt hédan mikinn og dýrmætán afla. Fyrir strið höfðu Norðmenn hér við land, utan landhelgi, hvalvinnslustöðvar í Faxaflóa og víðar, sem tóku við afla veiðiskipanna.